

Fundir hjá félaginu

Alltaf er mikið um fundi hjá félaginu, m.a. í aðalstjórn og deildarstjórn, í svæðisráðum, trúnaðarráði og samninganefnd, vinnustaðafundir, fundir með einstökum hópum um tilfallandi mál og síðan eru starfsmenn oft kallaðir til aðstoðar við lausn ýmissa mála á vinnustöðum. Fjöldmargir aðrir fundir hafa verið haldnir, t.d. með trúnaðarmönnum um ýmis mál. Einnig mættu fulltrúar félagsins á ýmsa aðra fundi fyrir hönd þess.

Trúnaðarráð

Trúnaðarráð hélt tvo fundi. Á fyrri fundinum sem fram fór í september var m.a. farið yfir hlutverk trúnaðarráðs og hvernig kosið er í það. Héðinn Svarfdal Björnsson, Verkefnastjóri Lýðheilsamála hjá Akureyrarbæ, mætti á fundinn og kynnti námskeiðið Áhuga-hvetjandi samtal sem m.a. er kennt í SÍMEY og er notað bæði með fullorðnum og unglingum sem gætu verið í þörf fyrir breytingar á lífsstíl eða hegðun. Kjörnir voru 47 fulltrúar félagsins á 38. þing Alþýðusambands Norðurlands og 10. Fulltrúar á 46. þing ASÍ.

Á seinni fundinum sem fram fór í febrúar var gengið frá lista stjórnar og trúnaðarráðs fyrir starfsárið 2025-2026 og skilafrest lista. Rut Pétursdóttir, mannauðs- og fræðslustjóri Einingar-löju, fór yfir starfsemi félagsins og starfið í félaginu. Einnig fór fram umræðu um stöðuna varðandi málefni ræstingafólks og vinnuna sem var í gangi hjá félaginu vegna málsins.

Samninganefnd

Enginn fundur fór fram í samninganefnd félagsins á starfsárinu. Umboð samninganefndar fellur niður þegar aðalkjarasamningar og tengdir sérkjara-samningar hafa verið samþykktir. Stjórn félagsins eða formaður í umboði hennar sjá um gerð kjara-samninga á milli starfstíma samninganefnda.

Uppstillinganefnd

Uppstillingarnefnd hélt tvo fundi á starfsárinu. Það gekk nokkuð vel að fá félagsfólk til að gefa kost á sér í trúnaðarráð.

Almennir félagsfundir

Á hverju ári eru haldnir nokkrir almennir félagsfundir á þéttbýlissvæðunum utan Akureyrar, engin breyting varð á því þetta starfsárið.

Síðasta haust lögðum við áherslu á að hvetja trúnaðarmenn til að bjóða okkur á vinnustaðafundi þar sem við vorum að kynna félagið, réttindi og skyldur og ná betri tengslum við félagsmennina okkar. Þessar heimsóknir eru skipulagðar af trúnaðar-

mönnum og í samvinnu við þeirra yfirmenn, en trúnaðarmenn eiga rétt á tveimur klukkutíma löngum vinnustaðafundum á ári.

Þing og ársfundir á starfsárinu



3. og 4. október 2024 fór 38. þing Alþýðusambands Norðurlands fram á Illugastöðum í Fnjóskadal. 46. þing Alþýðusambands Íslands var haldið dagana 16. til 18 október 2024 á Hótel Reykjavík Nordica. Fyrsti dagur þingsins var í fyrsta sinn opinn fyrir alla áhugasama. 10. þing ASÍ-UNG var haldið á Hellu 7. Nóvember 2024. Þá fóru fram rafrænir fulltrúaráðsfundir Stapa í desember 2024 og í apríl 2025. Eining-löja átti þarna fulltrúa og má finna stutta umfjöllum um þingin og ársfund Stapa á aðal-fundarvefnum.

Fulltrúaráðsfundir Stapa

Fulltrúaráð Stapa er skv. samþykktum sjóðsins skipað aðilum sem voru fulltrúar launamanna og atvinnu-rekenda á ársfundi sjóðsins. Ráðið skal kalla saman tvisvar á ári, að hausti og í aðdraganda ársfundar, þar sem m.a. eru rædd málefni sjóðsins, breytingar á samþykktum undirbúnar og lykiltölur úr afkomu og framvindu fjár-festingarstefnu kynntar. Um hlutverk og starfsemi fulltrúaráðs að öðru leyti vísast til viðkomandi kjarasamninga hverju sinni.

Seinni fundur ráðsins fyrir árið 2024 fór fram á rafrænan hátt 5. desember sl. þar sem farið var yfir lykilatríði úr rekstri sjóðsins á árinu 2024 og kynnt fárfestingarstefna sjóðsins fyrir árið 2025.

Fyrri fundur ráðsins fyrir árið 2025 fór fram á rafrænan hátt 15. apríl sl. þar var farið yfir lykiltölur úr afkomu, starfskjarastefnu sjóðsins, tillögur að samþykktar-breytingum og staðfesting tilnefninga í stjórn.

Næsti ársfundur Stapa fer fram 13. maí nk. á Egilsstöðum.